

# STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1995

Nr. 72

170

27. janúar 1995

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár,  
nr. 86 24. febrúar 1993, sbr. reglugerð nr. 512/1994.

1. gr.

5. gr., liður 5.5.1 a) orðist svo:

a) 46% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar. Með vísan til 5. gr., lokamálsliðar 5.6., skal, ef 46% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 2 milljónum króna, bæta við fyrsta vinningsflokk fjárhæð, sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 2 milljónir króna. Viðbót þessi skal hlaupa á 50.000 krónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986 öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1995.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.